Húmor og einlægni

Sæmundur Valdimarsson hefur að undanförnu sýnt höggmyndir úr tré á austurgangi Kjarvalsstaða. Hann kallar sýningu sína Fjörumenn og vísar nafnið til efniviðarins sem hann notar, þ.e. rakaviðardrumba.

Sæmundur verður sjötugur á þessu ári og hefur stundað ýmis störf til sjós og lands. Hann er sjálfmenntaður í list sinni og byrjaði ekki að fást við hana fyrr en á fullorðinsaldri. Hann sýndi fyrst árið 1974 og sýningin að Kjarvalsstöðum er sjötta einkasýning hans.

Goðsagnaheimar

Ýmsar goðsagnir og ævintýri segja frá því að fólk hafi verið mótað úr trjám. Næst okkur í tíma er ævintýrið um Gosa og þar kemur til sögunnar yfirnáttúruleg vera sem blæs lífi í spýturnar og þannig er það ævinlega. Fjær okkur í tíma eru goðsagnirnar um sköpun Asks og Emblu. Frá þeim segir í Gylfaginningu og Völuspá. Samkvæmt þeim var Óðinn á gangi á sjávarströndu ásamt öðrum goðum. Þeir fundu tvö tré á ströndinni og sköpuðu úr þeim karl og konu og gáfu þeim önd, líf og mannvit. Þau fengu síðan klæði og nöfn, karlinn kallaður Askur og konan Embla og er allt mannkyn af þeim komið, segir í Gylfaginningu. Í drumbunum hans Sæmundar hefur kviknað líf mörgum sinnum og með ýmsu

Myndlist

Þór Ófeigsson

móti, fyrst þegar þeir velktust um í sjó eða fjöru og fjörumaðkur tók sér þar bólfestu, síðan í skúrnum hans Sæmundar. Þar taka þeir hamskiptum mörgum sinnum. Þegar vætan hverfur úr þeim og börkurinn er fleginn af kemur í ljós berstrípaður viðurinn, með þúsund ormagötum, sprungum og kvistum. Þá kemur Sæmundur eins og hver annar vættur og skapar fólk úr þessum trjám og gefur þeim líf á sinn hátt.

Fleiri goðsagnaminni má finna í fólkinu hans Sæmundar, t.d. um fugla á höfði manns, samvaxna líkama og fleira.

Naivismi

List Sæmundar er flokkuð sem naivismi. Í því felst að listamaður skapar myndveröld sem svipar til þeirrar sem börn skapa. Hvað Sæmund varðar, sem og marga aðra naivista, þá nálgast hann viðfangsefni sitt frá sjónarhóli barnsins. Sem dæmi má taka styttuna af Þór með hamarinn í hattinum. Ástæðan fyrir því að hamarinn er þar að finna er sú að Þór er handalaus og getur því ekki haldið á hamrinum! Handaleysi styttanna er annars skemmtilegt einkenni á verkum Sæmundar.


Í viðtölum og greinum um Sæmund hefur komið fram að hann er sér að meira eða minna leyti



Sæmundur Valdimarsson – Samruni, 1988.

ómeðvitandi um aðra listamenn sem eru á svipuðu róli og hann og þrátt fyrir ýmis myndræn tengsl við hinn fræga myndhöggvara Giacometti þá hafi Sæmundur aldrei heyrt á hann minnst. Þetta er sjálfsagt alveg rétt því í myndum Sæmundar birtist einhvers konar kímni og heiðríkja sem á ekkert skylt við eftiröpun eða stælingar. Myndræn veröld hans höfðar ljúflega bæði til augans og hjartans.

Hver er munurinn á þessum máltíðum?



30.05

Verðmunurinn

VERÐLAGSSTOFNUN birti niðurstöður úr nýrri verðlagskönnun 2. mars síðastliðinn. Þar kemur fram ótrúlega mikill verðmunur á milli matvöruverslana.

Þessir tveir réttir eru dæmi úr könnun VERÐLAGSSTOFNUNAR. Þegar valið er dýrasta hráefnið í þennan sperðlarétt kostar hann 176 kr. Ef valið er ódýrasta hráefnið kostar hann aftur á móti ekki nema 75 kr. Hér munar 101 kr. eða 135% – það munar um minna.

Könnunin náði til fjölmargra verslana um allt land og miðaðist við neyslu fjögurra manna fjölskyldu í þrjá daga, samtals 40 vöruflokka.

Einnig er að athyglisvert að þó nokkur verðmunur er á milli hverfa á höfuðborgarsvæðinu, og sýnir það hversu nauðsynlegt það er að hver og einn fylgist með vöruverði í sínu hverfi.

Besta tryggingin fyrir lágu vöruverði er hið vakandi auga neytandans.

Verum á verði – gerum verðsamanburð.

VERUM Á VERÐI



VIÐSKIPTARÁÐUNEYTIÐ